



Borgarráð

Reykjavík, 26. ágúst 2026
FAS26010004

Tillaga um útgáfuáætlun skuldabréfa seinni hluta árs 2026

Lagt er til borgarráð samþykki að útboð skuldabréfa Reykjavíkurborgar verði á eftirfarandi dagsetningum seinni hluta árs 2026:

- 23. september
- 21. október
- 18. nóvember

Hér eru einungis lagðar til ákveðnar dagsetningar útboða en sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs veitt heimild til útfærslu að öðru leyti, þ.e. hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn og í hvaða skuldabréfaflokkum. Almennt hafa viðskiptavakar Reykjavíkurborgar haft umsjón með skuldabréfaútboðum en einnig kemur til greina að halda lokuð útboð. Markaðsaðstæður, fjárpörf og sjóðsstaða borgarsjóðs eru breytilegar og því er nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Tillaga og greinargerð.



Reykjavík



Borgarráð

Efni: Útgáfuáætlun skuldabréfa á seinni hluta árs 2026

Lögð er fram til samþykktar eftirfarandi útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða seinni hluta ársins 2026:

- 23. september
- 21. október
- 18. nóvember

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að lántaka borgarsjóðs nemi allt að 14.000 m.kr. á árinu. Lántakan verður framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, útgáfu á nýjum skuldabréfaflokkum, ádrætti á erlent lán frá CEB eða öðrum þeim hætti sem álitinn er hagkvæmur út frá markaðsaðstæðum hverju sinni. Með hliðsjón af lánastýringu kemur m.a. til greina að framkvæma skiptiútboð eða uppkaup á útistandandi skuldabréfaflokkum, endurgreiða lán frá viðskiptabönkum og gefa út nýja skuldabréfaflokka.

Það sem af er ári hefur verið farið í tvö skuldabréfaútboð samkvæmt útgáfuáætlun og eitt skuldabréfaútboð utan útgáfuáætlunar, samtals þrjú. Fyrirhuguð skuldabréfaútboð í mars og apríl voru felld niður. Heildarfjármögnun það sem af er ári nemur 7.548 m.kr. að markaðsverði og eftirstöðvar áætlaðrar lántöku samkvæmt fjárhagsáætlun því 6.452 m.kr.

Árið 2024 var undirritaður samningur við CEB um allt að EUR 100 milljóna fjármögnun á viðhaldsátaki í húsnæði grunnskóla, leikskóla og frístundar vegna fjárhagsáranna 2023-2028. Samtals hefur verið dregið á lánssamninginn að fjárhæð EUR 35 milljónir og vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar gerðir fyrir sömu fjárhæð. Í samræmi við framvindu á viðhaldsátakinu og með tilliti til markaðsaðstæðna kemur til greina að draga á lán hjá CEB á þessu ári en eftirstöðvar lánsfjárhæðar nema EUR 65 milljónum.

Hér eru einungis lagðar til ákveðnar dagsetningar útboða en sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs veitt heimild til útfærslu að öðru leyti, þ.e. hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn og í hvaða skuldabréfaflokkum. Almennt hafa viðskiptavakar Reykjavíkurborgar haft umsjón með skuldabréfaútboðum en einnig kemur til greina að halda lokuð útboð. Markaðsaðstæður, fjárförf og sjóðsstaða borgarsjóðs eru breytilegar og því er nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða.

Útgáfuáætlun er lögð fram til að auka fyrirsjáanleika á markaði en Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að bregða út af þessari áætlun, fella niður útboð og/eða bæta við útboðsdögum.

Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða lagðar fyrir borgarráð, daginn eftir útboð, til endanlegrar afgreiðslu og síðan kynntar opinberlega.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs